

D Ó M U R

Héraðsdóms Austurlands mánudaginn 29. október 2007 í máli nr. S-89/2007:

Ákærvaldið

(Lárus Bjarnason sýslumaður)

gegn

Rene Schmolling

(Gísli M. Auðbergsson hdl.)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. október, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Seyðisfirði, útgefinni 6. júní 2007 á hendur Rene Schmolling, kt. 000000-0000, Hvammseyri í Fljótsdal “fyrir umferðarlagabrot á Fljótsdalshéraði, með því að hafa, sunnudaginn 13. maí 2007, um kl. 01:09, undir áhrifum áfengis, ekið bifreiðinni PD-948, eftir þjóðveginum frá Einarstöðum í átt til Egilsstaða, uns akstri hans lauk með því að hann missti stjórn á bifreiðinni og hún hafnaði utan vegar, þar sem lögreglan hafði afskipti af akstri hans og tók hann höndum. 1,98 prómill af alkóhóli mældust í blóði ákærða nefnt sinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50,1987, sbr. lög nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. 25. gr. laga nr. 44,1993, 2. gr. laga nr. 23/1998 og 8. gr. laga nr. 84/2004.”

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu, en til vara að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa Þá er þess krafist að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun verjanda, verði lagður á ríkissjóð.

II.

Málsatvik

Í skýrslu lögreglu segir að hinn 13. maí 2007 kl. 1.09 hafi lögreglu borist tilkynning frá fjarskiptamiðstöð um að bifreiðin PD-948, sem væri á leiðinni frá Einarstöðum til Egilsstaða, rásaði mikið á veginum og hefði m.a. ekið á vegstíku.

Lögreglumennirnir Hjalti Bergmar Axelsson og Inga María Warén, sem hafi verið við lögreglustöðina á Egilsstöðum, hafi þegar farið af stað á móts við bifreiðina, þ.e. suður hringveginn á milli Egilsstaða og Einarstaða. Á leiðinni hafi Hjalti

hringt í tilkynnandann og hann tjáð honum að umrædd bifreið væri þá stundina að aka út af veginum. Á meðan á samtalinu stóð hafi lögreglumenn í bifreiðinni séð ljós bifreiðanna tveggja á móti þeim. Lögregla hafi komið á vettvang kl. 1.12 og þá hafi bifreiðin PD-948 verið fyrir utan veginn.

Í skýrslunni segir að á þeim stað sem bifreiðin fór út af hafi verið talsvert hár kantur og hafi lögreglumenn því þurft að fara niður vegkantinn til að komast að bifreiðinni. Bifreiðin hafi verið í gangi og vél hennar snúist á talsverðum snúningi. Þá hafi ljós hennar verið tendruð. Þá segir í skýrslunni að Hjalti Bergmar hafi farið rակleitt að bílstjórahurðinni og opnað hana, teygt sig inn, drepíð á vél bifreiðarinnar og tekið kveikjulaslykilinn í sínar vörslur. Er hann hafi opnað hurðina hafi megn áfengisþefur stigið út úr bifreiðinni. Einn maður hafi verið í bifreiðinni, ákærði í máli þessu, og hafi hann setið í öikumannssætinu.

Þá segir í skýrslunni að ákærði hafi verið beðinn um að koma út úr bifreiðinni, sem hann hafi og gert. Strax hafi komið í ljós að ákærði var af erlendu bergi brotinn og talaði ekki mikla ensku. Hann hafi verið beðinn um að koma upp á veginn í fylgd lögreglumanna og inn í lögreglubifreiðina en það hafi hann ekki viljað og streist á móti. Hafi hann þá verið færður í lögreglutök og síðan í handjárn. Hafi ákærði veitt mikla mótsþyrnu við handtökuna. Eftir að ákærði var kominn í handjárn hafi hann enn verið beðinn um að koma með lögreglumönnum upp á veginn og í lögreglubifreiðina, en aftur hafi hann neitað því. Hafi þá verið óskað eftir frekari aðstoð og hafi lögreglumennirnir Vilhelm Adólfsson og Sigríður Sigþórsdóttir komið á vettvang til aðstoðar. Ákærði hafi þá verið færður upp á veginn og inn í lögreglubifreiðina og fluttur á lögreglustöðina á Egilsstöðum.

Komið hafi verið á lögreglustöðina á Egilsstöðum kl. 1.25 og hafi ákærði verið færður í fangaklefa. Haft hafi verið samband lækni og túlk þar sem ákærði hafi nánast einungis talað þýsku. Honum hafi verið kynntur réttur hans sem handtekings manns og hvers vegna hann hefði verið handtekinn. Aðspurður hafi hann ekki viljað gefa blóðsýni sjálfviljugur og sýnið því verið tekið með valdi kl. 2.00. Að því loknu hafi ákærði verið vistaður fangaklefa til morguns.

Daginn eftir hafi ákærði verið færður til skýrslutöku. Sagðist hann hafa verið að drekka áfengi með starfsfélögum sínum í vinnubúðunum í Fljótsdal kvöldið áður. Um kveðjupartý hefði verið að ræða þar sem tveir erlendir starfsfélaga hans hefðu verið að fara heim. Sagðist hann hafa orðið mjög ölvaður og ekki muna eftir kvöldinu. Hið næsta sem hann myndi eftir sér hefði verið þegar hann hefði stigið út úr bifreiðinni PD-948 og séð lögreglubifreiðina og bláu ljósin á henni. Sagðist hann muna eftir að hafa verið í aftursæti bifreiðarinnar vinstra megin og farið þar út úr bifreiðinni, sem verið hefði utan vegar, og þá séð bláu ljósin á lögreglubifreiðinni. Sagðist hann muna allt sem gerst hefði eftir það. Ákærði sagðist ekki vita hver hefði ekið bifreiðinni PD-948 eða hverjir hefðu verið í henni. Sagðist hann ekki hafa orðið var við neitt fólk á þarna annað en lögreglumennina. Hann hefði ætlað að ganga upp vegöxlina þegar lögreglumaður hefði komið að honum og sett handjárn á hægri úlnlið og tekist að snúa hægri handlegg aftur fyrir bak. Hefði þá önnur lögreglubifreið komi á vettvang og hann verið handjárnaður með hendur fyrir aftan bak.

Samkvæmt gögnum málsins var ákærða dregið blóð kl. 2.00 umrædda nótt eins og áður greinir. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði dags.

15. maí 2007 mældist magn alkóhóls í blóði ákærða 1,98‰ að frádregnu reiknuðu frávik.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dóminum.

Ákærði sagði að um leið og hann hefði lokað afturhurðinni á bifreiðinni á eftir sér hefði hann séð lögreglubifreið koma á vettvang og lögreglumann og lögreglukonu stíga út úr henni. Lögreglumaðurinn hefði ætlað að handjarna hann og sagðist ákærða hafa streist á móti og lagt hendur niður með síðum þannig að það væri ekki hægt. Lögreglukonan hefði staðið við hliðina á þeim og fljótlega hefði hin lögreglubifreiðin komið á vettvang og með hjálp þeirra lögreglumanna, sem í henni voru, hefði lögreglunni tekist að handjarna hann.

Ákærði sagði að ekki væri rétt, svo sem fram kæmi í frumskýrslu lögreglu, að hann hefði setið undir stýri þegar lögregla kom á vettvang og að bifreiðin hefði verið í gangi. Sagðist hann hafa stigið út úr aftursæti bifreiðarinnar vinstra megin, þ.e. úr sætinu sem væri fyrir aftan bílstjóran. Hann sagði að daginn eftir hefði lögregla tjáð honum að lögreglumennirnir hefðu séð hann ganga að bifreiðinni. Sagðist hann hafa verið fyrir utan bifreiðina þegar lögreglubifreiðin hefði komið á vettvang og verið á leið upp vegöxlina. Hann hefði hins vegar verið drukkinn og því ekki getað stjórnað hreyfingum líkamans.

Hann sagðist ekki vita hversu mikið af áfengi hann drakk í kveðjuteitinu þetta sama kvöld. Spurður um aðgang hans að bifreiðinni, sem fór út af veginum í umrætt sinn, sagði ákærði að nokkrar bifreiðar stæðu ólæstar fyrir utan vinnustaðinn og hver sem er gæti farið inn í þær og notað þær. Hann sagðist ekki muna eftir upphafi ökuferðarinnar og síðast muna eftir sér þegar hann hefði verið á skrifstofunni að neyta áfengis með vinnufélögum sínum. Næst myndi hann eftir sér þegar hann hefði lokað afturhurðinni á bifreiðinni á eftir sér eftir að bifreiðin hafði farið út af veginum og lögreglan komin á vettvang. Hann sagðist ekkert muna eftir því þegar bifreiðin fór út af veginum og ekki muna eftir hvort einhver var með honum í bifreiðinni. Hann sagðist hafa veitt lögreglu mótspyrnu við handtöku þar sem lögregla hefði viljað handjarna hann aftur fyrir bak, en hann hefði viljað að fara sjálfviljugur með lögreglunni og einnig hefði hann viljað að handjárnin yrðu sett á hendurnar fyrir framan hann, en ekki fyrir aftan bak.

Ákærði sagðist telja að hann hefði slasast meira við útafaksturinn ef hann hefði verið bílstjóri en ekki aftur í bifreiðinni. Ef hann hefði verið bílstjóri hefði hann sennilega lamist utan í stýrið og orðið fyrir meiðslum. Ákærði sagðist hins vegar ekkert hafa meiðst.

Jón Knútur Ásmundsson sagðist hafa verið á leið frá Einarstöðum að Egilsstöðum í umrætt sinn í bifreið sem unnusta hans hefði ekið. Þegar þau hefðu ekið inn á veginn að Egilsstöðum hefðu þau strax lent á eftir bifreið, sem hefði verið ekið á 60 til 70 km hraða. Sér hefði sýnst einn maður vera í bifreiðinni fyrir framan þau. Unnusta hans hefði ætlað að taka fram úr bifreiðinni, en þá hefði bifreiðinni verið sveigt í veg fyrir þeirra bifreið. Þau hefðu ekið í nokkurn tíma fyrir aftan bifreiðina og fljótlega hefðu þau séð að ekki var allt með felldu þar sem bifreiðin hefði rásað mjög á veginum. Þau hefðu því hringt í neyðarlínuna til að láta vita af þessu. Þau hefðu síðan haldið áfram að aka á eftir bifreiðinni og eftir því sem á hefði liðið hefði einkennilegt aksturslag bifreiðarinnar orðið meira og meira áberandi.

Bifreiðin hefði farið að taka stærri og stærri sveigjur á veginum auk þess sem hraði bifreiðarinnar hefði aukist. Þau hefðu reynt að ná athygli ökumannsins með því að flauta og blikka ljós en það hefði engan árangur borið. Ökumaðurinn hefði síðan verið byrjaður að aka yfir á hinn vegarhelminginn og til baka og þetta hefði endað með því að bifreiðin hefði farið út af veginum. Hann sagðist annað hvort hafa verið að tala við lögregluna eða nýbúinn að leggja á þegar það gerðist. Sagðist hann hafa séð lögregluna koma, en þá hefði bifreiðin verið komin út af. Þau hefðu síðan ekið í burtu þegar lögregla kom á staðinn. Hann sagði að mjög lítill tími eða u.þ.b. ein mínúta hefði liðið frá því að bifreiðin fór út af og þar til lögregla koma á staðinn. Hann sagði að þau hefðu stöðvað sína bifreið þegar hin bifreiðin hefði farið út af, en mjög skammur tími hefði liðið þar til lögregla kom og sagði hann að t.d. hefði ekki komið til þess að hann færi út úr bifreiðinni til að athuga með ökumanninn. Hann sagðist hafa haft auga með bifreiðinni þar til lögregla kom og sagðist ekki muna eftir að nokkur stigi út úr henni. Aðspurður sagðist hann hafa séð bifreiðina ágætlega þar sem hún hefði verið ofan í skurðinum. Hann sagðist ekki hafa orðið var við mannaferðir við bifreiðina og ekki muna eftir að hafa séð hurð eða hurðir opnast á henni. Sagðist hann mundu hafa tekið eftir því ef það hefði gerst.

Hjalti Bergmar Axelsson lögreglumaður sagðist hafa verið staddur við lögreglustöðina á Egilsstöðum þegar tilkynning hefði borist frá fjarskiptamiðstöð um að bifreið væri á leiðinni frá Einarstöðum til Egilsstaða og að grunur léki á um að ökumaður væri ölvaður þar sem bifreiðin rásaði á milli vegkanta. Hann og lögreglumaðurinn Inga María hefðu ekið beint af stað áleiðis á móti bifreiðinni, þ.e. inn Vallaveg. Á leiðinni hefði hann hringt í tilkynnandann og spurt hann hvar hann væri og þá hefði tilkynnandinn tjáð honum að bifreiðin væri að fara út af veginum. Einhverjum augnablikum síðar hefði lögreglubifreiðin komið út úr beygju og þá hefðu þau séð tvö bílljós á móti þeim, önnur uppi á veginum en hin fyrir utan veginn. Um leið hefði tilkynnandinn sagt að hann sæi bílljósin á lögreglubifreiðinni og þá hefði hann blikkað ljósunum á sinni bifreið. Hefði hann þá kvatt tilkynnandann í símanum. Örskömmu síðar hefðu þau síðan stöðvað lögreglubifreiðina við bifreiðina þar sem hún var fyrir utan veginn. Um hefði verið að ræða jeppa af gerðinni Pajero. Þegar þau hefðu hefði komið að bifreiðinni hefði hún verið í gangi og vélin á miklum snúningi. Sagðist hann hafa opnað bílstjórahurðina og séð mann sitja í bílstjórasætinu, sem hefði augljóslega verið mjög ölvaður. Sagðist hann hafa teygt sig yfir hann og drepíð á bifreiðinni og tekið kveikjúláslyklana í sínar vörslur. Þá hefði hann beðið manninn um að koma út úr bifreiðinni og hefði hann gert það sjálfviljugur. Því næst hefði hann beðið manninn um að koma með sér upp í lögreglubifreiðina. Sagðist vitnið hafa þurft að beita handabendingum þar sem maðurinn hefði hvorki virst skilja ensku eða íslensku. Sagðist hann hafa bent honum á að koma, en hann hefði virst vilja fara inn í bifreiðina aftur. Maðurinn hefði því verið tekin í lögreglutök og síðan handjárnaður. Í framhaldinu hefði önnur lögreglubifreið komið á staðinn og lögreglumenn sem í honum voru hefðu aðstoðað þau við að koma manninum upp í lögreglubifreiðina og síðan á lögreglustöð. Sagðist hann þekkja þennan ökumann sem ákærða í máli þessu.

Nánar aðspurt sagði vitnið að ákærði hefði verið inni í bifreiðinni og setið í ökumannssætinu þegar hann hefði komið að bifreiðinni. Hann sagði að eftir að ökumaður steig út úr ökumannssætinu hefði hann ekki farið aftur inn í bifreiðina. Hann sagði að ákærði hefði aldrei á neinu stigi setið í aftursæti fyrir aftan bílstjórasætið. Hann sagðist ekki hafa orðið var við neinar mannaferðir í kringum

bifreiðina, hvorki þegar hann kom að bifreiðinni né á meðan þau voru á staðnum. Allar hurðir hefðu virst vera lokaðar á bifreiðinni þegar þau hefðu komið að henni, a.m.k. á þeirri hlið, sem snúið hefði að þeim.

Þegar þau hefðu komið á lögreglustöðina hefði ákærði verið færður í fangaklefa og síðan fenginn túlkur á staðinn til að útskýra fyrir honum að hann væri grunaður um ölvun við akstur. Ákærði hefði ekki viljað gefa blóðsýni sjálfviljugur og því hefði orðið að taka það með valdi. Ákærði hefði síðan verið vistaður í fangaklefa til morguns og tekin af honum skýrsla daginn eftir.

Inga María Warén Árnadóttir lögreglumaður sagði að tilkynning hefði borist um ölvadan ökumann. Þau Hjalti Bergmar hefðu farið frá lögreglustöðinni og þegar þau hefðu verið komin skammt utan við þéttbýlið á Egilsstöðum hefði Hjalti hringt í tilkynnandann og spurt hann hvar hann væri. Á meðan Hjalti hefði verið að tala við tilkynnandann hefðu þau séð bílljósín hjá tilkynnandanum, sem hefði verið búinn að stöðva á vegkantinum og þar fyrir neðan hefðu verið bifreið fyrir utan veg. Þau hefðu farið út úr lögreglubifreiðinni og niður að bifreiðinni, sem hefði verið í gangi og með ljósin á. Hjalti hefði opnað bifreiðina og drepit á henni. Þau hefðu séð ákærða sitja í ökumannssæti bifreiðarinnar. Mikil áfengislykt hefði verið í bifreiðinni og af ákærða, sem hefði verið ofurölvi. Ákærði hefði verið mjög þvoglumæltur og nokkra stund hefði tekið að átta sig á því hvaða tungumál hann talaði. Hún sagðist ekki hafa séð neinar mannaferðir við bifreiðina og sagðist minna að allar hurðir á bifreiðinni hefðu verið lokaðar þegar þau hefðu komið að henni. Þá sagði hún að sig minnti að annað framhjólíð á bifreiðinni hefði verið ofan í skurði. Þau hefðu aðeins séð vinstri hlið bifreiðarinnar, en sagðist telja að ef hurðirnar hinum megin hefðu verið opnar hefði loftjosið í bifreiðinni verið kveikt, en svo hefði ekki verið. Vitnið lýsti atburðarás síðan á sama hátt og vitnið Hjalti Bergmar. Hún sagði að ákærði hefði sýnt mikinn mótþróa þegar hann hefði verið beðinn um að koma með þeim í lögreglubifreiðina. Einnig hefði ákærði ekki samþykkt að gefa blóðsýni eftir að á lögreglustöðina kom og því reynst nauðsynlegt að taka það með valdi.

Vilhelm Adolfsson lögreglumaður sagðist hafa komið á vettvang ásamt Sigríði Sigþórsdóttur lögreglumanni eftir að Hjalti Bergmar hefði kallað á frekari aðstoð. Þegar þau hefðu komið á vettvang hefðu þau Hjalti og Inga tjáð þeim að þau kæmu mannum ekki upp vegöxlina. Hefðu þau verið búin að handjarna mannum og sagðist hann hafa aðstoðað Hjalta við að koma mannum upp á veginn og inn í lögreglubifreiðina. Þau hefðu síðan ekið mannum á lögreglustöð. Hann staðfesti að ökumaður hefði ekki samþykkt að gefa blóðsýni og að nauðsynlegt hefði reynst að taka það með valdi. Hann sagði að myrkur hefði verið á vettvangi en þau hefðu samt séð bifreiðina fyrir utan veginn og lögreglumennina tvo standa þar ásamt ökumanni.

III.

Niðurstaða

Sannað þykir með skýrum og greinargóðum framburði lögreglumannanna, Hjalta Bergmar Axelssonar og Ingu Maríu Warén Árnadóttur, að ákærði hafi setið í

ökumannssæti bifreiðarinnar PD-948 skömmu eftir að bifreiðin fór út af veginum og stöðvaðist utan vegar með annað framhjólíð ofan í skurði. Hefur vitnið Jón Knútur Ásmundsson borið um það að hafa ekið á eftir fyrrgreindri bifreið skömmu eftir að hann kom inn á hringveginn frá Einarstöðum og allt þar til bifreiðin fór út af veginum. Um einni mínútu síðar hefði lögregla komið á staðinn. Er þessi framburður vitnisins í samræmi við framburði fyrrgreindra lögreglumanna, sem hafa borið um það að hafa verið í símasambandi við vitnið þegar það hafi tjáð þeim að bifreiðin væri að fara út af veginum. Nokkrum augnablikum síðar hefðu þau séð bílljós bifreiðanna tveggja, önnur uppi á veginum og hin fyrir neðan veg. Örskömmu síðar hefðu þau komið á vettvang og gengið að bifreiðinni þar sem hún var fyrir utan veginn. Ljóst er því að mjög skammur tími leið frá því að bifreiðin fór út af veginum og þar til fyrrgreindir lögreglumenn gengu að henni, opnuðu ökumannshurð bifreiðarinnar og sáu ákærða sitja í ökumannssæti hennar. Ekkert þeirra vitna sem fyrir dóminn kom varð vart við aðrar mannaferðir við bifreiðina á meðan þau voru á vettvangi. Kvaðst vitnið Jón Knútur hafa haft auga með bifreiðinni þar til lögregla kom á staðinn og ekki muna eftir að hafa séð hurð eða hurðir á bifreiðinni opnast eða nokkurn stíga út úr bifreiðinni. Þá sagði hann að honum hefði sýnst einn maður vera í bifreiðinni þegar hann hefði ekið á eftir henni frá Einarstöðum.

Með vísan til alls framangreinds þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi verið undir stýri á bifreiðinni PD-948 í greint sinn og ekið henni. eftir þjóðveginum frá Einarstöðum í átt til Egilsstaða uns bifreiðin hafnaði utan vegar skammt sunnan Egilsstaða. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði dags. 15. maí 2007 mældist magn alkóhóls í blóðsýni, sem ákærða var dregið tæpum klukkutíma eftir að akstri lauk, 1,98 %. Með vísan til alls framangreinds telst því sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem greinir í ákæru. Varðar háttsemin við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997. Hvað varðar kröfu um sviptingu ökuréttar er og rétt að vísa til 101. og 102. gr. umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006.

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi svo kunnugt sé.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð 160.000 krónur, sem greiða ber til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, ella sæti ákærði fangelsi í 12 daga.

Þá er ákærði er sviptur ökurétti í 18 mánuði.

Ákærði greiði sakarkostnað að fjárhæð 189.446 krónur, þar af málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin að fjárhæð 168.324 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Kostnaður vegna túlkáþjónustu telst ekki til sakarkostnaðar.

Dóm þennan kveður upp Ragnheiður Bragadóttir dómstjóri.

Dómsorð:

Ákærði, Rene Schmolling, greiði sekt að fjárhæð 160.000 krónur til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella fangelsi í 12 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 18 mánuði.

Ákærði greiði sakarkostnað að fjárhæð 189.446 krónur, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar hdl., að fjárhæð 168.324 krónur.

Ragnheiður Bragadóttir